

Gjaldskrá Þjónustan heim 2020

1.gr.

Fyrir félagslega heimaþjónustu í Norðurþingi skal greiða gjald fyrir hverja unna vinnustund sem nemur launaflokki 126 samkvæmt samningum Starfsmannafélags Húsavíkur, að viðbættu orlofi, álagi og launatengdum gjöldum, samtals: 2.766. kr.

2.gr.

Varðandi gjaldskyldu fyrir félagslega heimaþjónustu gilda eftirfarandi viðmiðunartekjur:

- **1.** Undanþegnir gjaldskyldu skulu þeir sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyrir/örorkulífeyri, tekjutryggingu, heimilisuppbót og tekjutryggingarauka frá almannatryggingum. Svo og þeir sem hafa samtals tekjur innan framangreindra marka eða 248.105 kr.
- **2.** Viðmiðunartekjur fyrir hjón eða sambýlisfólk með sameiginlegan fjárhag eru þær sömu og tilgreindar eru í 1. lið, margfaldaðar með 1,5 eða 372.157 kr.
- **3.** Tekið skal tillit til fjölda barna til 18 ára aldurs.
- **4.** Þjónustuþegar með tekjur sem eru allt að 50 % hærri en viðmiðunartekjur skulu greiða gjald sem nemur 1/3 af tímakaupi starfsmanns
- **5.** Þjónustuþegar með tekjur sem eru yfir 50 % hærri en viðmiðunartekjur skulu greiða gjald sem nemur hálfu tímakaupi starfsmanns.
- **6.** Þjónustuþegar með tekjur yfir 75 % hærri en viðmiðunartekjur, skulu greiða fullt tímakaup starfsmanns.
- **7.** Lífeyrisþegar greiða aldrei hærra gjald fyrir félagslega heimaþjónustu en sem nemur 75 % af tekjum umfram það sem þeir fá frá Tryggingastofnun Ríkisins.
- **8.** Viðmiðunartekjur sem nefndar eru í þessari málsgrein, hækka til jafns við hækkun bóta Tryggingastofnunar ríkisins.
- **9.** Ekki skal telja sérstaka uppbót lífeyristrygginga vegna lækni- og lyfjakostnaðar og umönnunar- eða bensínstyrk almannatrygginga til tekna.

3.gr.

Heimilt er að gefa eftir hluta greiðslu fyrir veitta félagslega heimaþjónustu eða fella greiðslu alveg niður. Skal þá farið eftir reglum um fjárhagsaðstoð.

4.gr.

Tekið er tillit til fjölda barna á heimili þjónustuþega, 18 ára og yngri og skal draga meðlags upphæð frá Tryggingastofnun ríkisins kr.

34.362. kr frá heildartekjum þjónustupega fyrir hvert barn, áður en reiknað er út í hvaða gjaldflokki heimilið lendir.

Fullt gjald fyrir hverja unna vinnustund er kr. 2.766.- frá 01.01.2019.

Tekjumörk þjónustupega sem búa einir:

Allt að 248.105 kr pr. mán.....	0 kr/klst
Á bilinu 248.105 – 367.551 kr/mán.....	922 kr/klst
Á bilinu 367.551 – 427.734 kr/mán.....	1.383 kr/klst
Yfir 427.734 kr/mán.....	2.766 kr/klst

Tekjumörk hjóna kr/mán.

Allt að 372.158 kr/mán.....	0 kr/klst
Á bilinu 372.158 – 556.377 kr/mán.....	922 kr/klst
Á bilinu 556.377 – 643.883 kr/mán.....	1.383 kr/klst
Yfir 643.883 kr/mán.....	2.766 kr/klst

Tekjumörk örorku/endurhæfingarlífeyrispega er 248.105 pr. mán



Samþykkt í Fjölskylduráði Norðurþings þann 23. september 2019
og staðfest af sveitarstjórn Norðurþings þann 4. desember 2019.
Gjaldskrá tekur gildi 1.janúar 2020